



Viðnámsmælingar vegna jarðskauta nýrrar  
Búrfellsvirkjunar

Hjálmar Eysteinsson

Greinargerð HE-91-04

## Viðnámsmælingar vegna jarðskauta nýrrar Búrfellsvirkjunnar

### 1. Inngangur

Að beiðni Rafhönnunar hf mældi Jarðhitadeild Orkustofnunnar rafleiðni jarðar vegna hönnunar jarðskauta nýrrar Búrfellsvirkjunnar. Annarsvegar þurfti að kanna rafviðnám jarðar í efstu metrunum og var beitt svokallaðri Slummberger aðferð við þann hluta, hinsvegar þurfti upplýsingar um viðnám niður á 100 m dýpi og var notuð svokölluð TEM mæliaðferð við þann hluta. Í TEM mælingunni var notuð sendilykkja með 100 m hliðarlengd. Mælingar fóru fram 14 maí 1991.

Vegna óvænta niðurstaðna úr TEM mælingunni var gerð önnur Slumberger mæling 10 júní með lengri straumarmi til frekari staðfestingar á TEM mælingunni.

### 2. Niðurstöður

Mælingarnar voru staðsettar rétt við fyrirhugað stöðvarhús austan við stöðvarhús Búrfellsvirkjunnar. Túlkun mælinganna felst í að finna þá lagskiptu viðnámsdreifingu jarðar sem gefur svörum sem best fellur að mælda ferlinum (einvíð túlkun). Leitast er við að hafa sem fæst lög. Niðurstöður fyrri Slummberger mælingarinnar er sýnd á mynd 1. Í efstu 30 metrunum er viðnámið um 260  $\Omega\text{m}$  og þar fyrir neðan lækkar viðnámið í 140  $\Omega\text{m}$ . Niðurstöður TEM mælingarinnar er sýnd á mynd 2. Túlkun mælingarinnar sýnir að efst er 10 m þykkt 20  $\Omega\text{m}$  lag, þar fyrir neðan er 270  $\Omega\text{m}$  niður á 47 m dýpi. Neðan þess reiknist viðnámið 155  $\Omega\text{m}$  niður á rúmlega 100 m dýpi þar sem fram kemur óvenju-

lega lágt viðnám eða 30  $\Omega\text{m}$ . Þar sem svo lágt viðnám mælist óvíða á þessu svæði var ákveðið að mæla aðra Slummberger mælingu með lengri straumarmi og þar með meiri dýptarskynjun. Þessi mæling var staðsett um 100 m sunnan við fyrri mælingar. Niðurstöður þeirra mælingar er sýnd á mynd 3. Fram kemur hátt yfirborðsviðnám eða 1800  $\Omega\text{m}$  og 4 m þykkt. Undir því er viðnámið 190  $\Omega\text{m}$  niður á 35 m dýpi, og 155  $\Omega\text{m}$  niður á 170 m dýpi. Neðan þess er lágt viðnám, um 30  $\Omega\text{m}$  en vegna þess að dýptarskynjunin er ekki nægjanleg er þetta viðnámsgildi nokkuð illa ákvárdæð.

Túlkun Slummberger mælinganna ber nokkuð vel saman ef undan er skilið yfirborðsviðnámið. Þar sem frost var í jörðu í fyrri mælingunni en ekki þeirri seinni er sá mismunur ekki óeðlilegur. Einnig ber að hafa í huga að þær voru ekki gerðar á nákvæmlega sama stað.

Túlkun Slummberger- og TEM mælinganna ber einnig all vel saman ef undan er skilin efstu 10 metrarnir. Ástæða þessa er ekki ljós. Þó svo að viðnám í yfirborði geti verið mjög breytilegt (munadó stærðargráðum, eins og raunar kemur fram í niðurstöðum Slummberger mælinganna), er hér líklegast um að ræða mismun sem felst í þessum tveimur mæliaðferðum þar sem Slummbergermælingin er að skoða viðnám á mun minna svæði heldur en TEM mælingin. Í TEM mælingunni er verið að skoða svörum jarðar yfir talsvert stærra flatarmál. Þannig er TEM mælingin með þeirri uppstillingu sem hér var beitt ekki heppileg til að skoða viðnám í efstu

metrunum. Því má ætla að Slummberger mælingarnar gefi betri mynd af viðnámi í yfirborði.

Dýpið niður á lágviðnámslagið reiknast 107 m í TEM mælingunni en 170 m í Slummberger mælingunni. Telja verður sennilegra að TEM mælingin gefi áræð-anlegra mat á þetta dýpi. Bæði er það vegna þess að TEM mælingin er í eðli sínu næmari fyrir lágviðnámslögum og eins er straumarmslegnd Slummberger mælingarinnar vart nægjanleg til að ákvarða þessa dýpt nægjanlega vel.


Niðurstöður mælinganna er dregin saman í eina heild í töflu 1.

Tafla 1 Viðnám með dýpi	
Viðnám Ωm	Dýpi m
200-2000	0-(1-4)
190-270	(1-4)-(30-50)
138-155	40-110
29	110-


Samkvæmt túlkun TEM-mælingarinnar er óvenjulega lágt viðnám á rúmlega 100 m dýpi. Búast hefði mátt við 40-50 Ωm á 2-300 m dýpi samkvæmt fyrilliggjandi eldri mælingum á Búrfellssvæðinu (Ingvar B. Friðleifsson o.fl. 1980). Er þetta því talsvert lægra viðnám og grynnra á það.

#### HEIMILDIR:


Ingvar Birgir Friðleifsson, Guðmundur Ingi Haraldsson, Lúðvík Georgsson, Einar Gunnlaugsson og Björn Jóhann Björnsson, 1980. Jarðhiti í Gnúpverjahreppi. Heildarkönnun., Orkustofun, OS80010/JHD06.



MYND 1: Slummberger mæling við væntanlegt nýtt stöðvarhús. Hringir og brýhirningar sýna mæld gildi, heildregni ferillinn sýnir svörun líkansins og þykku línurnar sýna viðnámsdreifingunna þar sem lárétti ásinn er í metrum.



MYND 2: TEM mæling við væntanlegt nýtt stöðvarhús Búrfellsvirkjunnar. Hringir sýna mæld gildi, heildregni ferillinn sýnir svörun líkansins og þykku línumnar sýna viðnáms-dreifingunna þar sem lárétti ásinn er í metrum. Tölnar hægra megin sýna túlkun mælingarinnar með viðnámi og þykkt hvers lags.



MYND 3: Slummbberger mæling við væntanlegt nýtt stöðvarhús. Mælingin er staðsett um 100 m sunnan við fyrri Slummbberger mælingu. Hringir og þrýhirmingar sýna mæld gildi, heildregni ferillinn sýnir svörun líkansins og þykku línumnar sýna viðnámsdreifinguunna þar sem lárétti ásinn er í metrum.